



HRUNAMANNAHREPPUR

46. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 1. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 9. JANÚAR 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 9. janúar 2014 kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Vigdís Furuseth, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, umsókn Býs ehf um byggingarleyfi fyrir stækkun og endurbyggingu pökkunarhúss á Brún. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Umhverfisstofnun: Stöðuskýrsla um vatnasvæði Íslands.
2. Samþykktir Hrunamannahrepps: Breytingar. (Seinni umræða)
3. Stækkun friðlands Þjórárvera: Staða mála.
4. Matarsmiðjan á Flúðum: Framlenging samstarfsamnings.
5. Hótel Flúðir ehf: Tillaga að hlutafjárhækkun.
6. Drög að samstarfssamningi milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gúpverjahrepps vegna Íþróttastarfs á Flúðum.
7. Drög að samningum um refa-og minkaveiðar.
8. Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
9. Þroskahjálp: Fasteignagjöld Akurgerði.
10. KPMG: Stjórnsýsluskoðun.
11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpokanotkun.
12. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.
13. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur.
14. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgnags (verndun umhverfis og heilsu, EES-reglur)
15. Umhverfisráðuneytið: Landnotkun í dreifbýli.
16. Veraldarvinir.
17. Endurskoðun Aðalskipulags Hrunamannahrepps.
18. Íbúafundur.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Landbúnaðarnefnd: 17. fundur nefndarinnar frá 26. ágúst s.l.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:

20. Velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 22. fundar frá 9. desember s.l.
21. Fundargerð 66. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 3. janúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 21. nóvember til 27. desember 2013.
Mál nr. 3: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 8: Galtafell.
Mál nr.10: Ásgarður í Kerlingarfjöllum, hálendismiðstöð. Deiliskipulag.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 475. fundar stjórnar frá 16. desember s.l.
- b. NOS: Fundargerð frá 18. desember s.l.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 159. stjórnarfundar frá 19. desember s.l.
- d. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð fagraðs frá 18. desember s.l.
- e. Hluthafafundur Háskólafélags suðurlands: fundargerð frá 30. desember s.l.

Kynningarmál:

- f. Ábúðarsamningur.
- g. Golfklúbburinn Flúðum: Ársuppgjör.

- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Hækkun útsvars.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ályktanir.
- j. Hinn árlegi Suðurlandsskjálfti: Kynningarbréf.
- k. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða.
- l. Kerlingarfjallavinir: Fréttabréf.
- m. Skipulagsstofnun: Skráðir skipulagsfulltrúar hjá Skipulagsstofnun.
- n. Sorpa: Móttaka á seyru.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 811. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.

Fundir framundan:

- p. Sameiginlegur fundur stjórna sorpsamlaganna á Suðvesturlandi 10. janúar n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

- q. Velferðarráðuneytið: Tölulegar upplýsingar um þjónustu við fatlað fólk vegna ársins 2011.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Umhverfisstofnun: Stöðuskýrsla um vatnasvæði Íslands.**

Oddviti lagði fram stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar um vatnasvæði Íslands. Á fundinn mætti Hannibal Kjartansson, veitustjóri og gerði grein fyrir starfi vinnuhóps vegna skýrslugerðarinnar en hann var fulltrúi Hrunamannahrepps í þeirri vinnu. Sveitarstjórn þakkar Hannibal fyrir góða vinnu við stöðuskýrsluna.

2. **Samþykktir Hrunamannahrepps: Breytingar. (Seinni umræða)**

Oddviti kynnti breytingar að samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps sem aðallega eru vegna sameiginlegrar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Í 40. gr. samþykta Hrunamannahrepps nr. 580/2013 breytast nokkrar greinar að hluta með eftirfarandi hætti undir kaflanum „Stjórnir og samstarfsnefndir“

Var:

Yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu og Velferðarnefnd Árneshvíls. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árneshvíls (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi.

Fulltrúi Hrunamannahrepps í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun tveggja fulltrúa af starfssvæði sveitarfélaganna í uppsveitum Árneshvíls og Flóa í fimm manna sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsþjónustusvæðið heitir Velferðarþjónusta Árneshvíls og nefndin Velferðarnefnd Árneshvíls.

Fulltrúar í Velferðarnefnd Árneshvíls eru fimm auk jafnmargra varamanna og koma þrjú af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaga í uppsveitum Árneshvíls og Flóahrepps.

Velferðarnefnd Árneshvíls fer með stjórn félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraðra skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa. Nefndin fer með jafnréttismál skv. lögum um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008, áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

Verður:

Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árneshvíls (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi.

Fulltrúi Hrunamannahrepps í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skólalþjónustu- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustuvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls og nefndin Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls.

Fulltrúar í Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélaginu Ölfuss, Hveragerðisbæ, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.

Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls fer með stjórn stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraðra skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa, fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.

Var:

Sameiginlegt þjónustuvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.

Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustuvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. séerstöku samkomulagi. Stjórn þjónustuvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustuvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustuvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera félagsmálastjóri Velferðarþjónustu Árneshvíls.

Verður:

Sameiginlegt þjónustuvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.

Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustuvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. séerstöku samkomulagi. Stjórn þjónustuvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustuvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustuvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Þessi grein fellur niður:

„Aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands. Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.“

Ný grein bætist við 40. gr. samþykktanna undir kaflanum fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Jafnréttisnefnd. Sveitarstjórn fer með jafnréttismál skv. lögum um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008.

Sveitarstjórn samþykkir ofantaldar breytingar á samþykktum sveitarfélagsins og sveitarstjóra falið að senda tillöguna til staðfestingar og auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda hjá Innanríkisráðuneytinu.

3. **Stækkun friðlands Þjórsárvera: Staða mála.**

Oddviti kynnti stöðu mála vegna stækkunar friðlands Þjórsárvera.

4. **Matarsmiðjan á Flúðum: Framlenging samstarfsamnings.**
Oddviti kynnti samstarfssamning við Matarsmiðjuna á Flúðum en gert er ráð fyrir samningi til eins árs. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
5. **Hótel Flúðir ehf: Tillaga að hlutafjánhækkun.**
Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar Hótel Flúða ehf frá 19. desember s.l. og ársreikning fyrir árið 2012. Þá var einnig kynnt að KPMG hefur verið falið að gera verðmat á verðmæti eignarhlutar sveitarfélagsins í Hótel Flúðum ehf. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.
6. **Drög að samstarfssamningi milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gúpverjahrepps vegna íþróttastarfs á Flúðum.**
Oddviti kynnti drög að samningi milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna íþróttastarfs á Flúðum.
7. **Drög að samningum um refa- og minkaveiðar.**
Oddviti fór yfir að samningar við veiðimenn sveitarfélagsins um refa- og minkaveiðar í sveitarfélaginu runnu út um áramótin. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá nýjum samningum til eins árs við veiðimenn sveitarfélagsins á grundvelli eldri samninga og með hliðsjón af umræðum á fundinum.
8. **Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.**
Oddviti kynnti beiðni frá Landgræðslu ríkisins um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið að fjárhæð kr. 30.000. Sveitarstjórn samþykkir erindið.
9. **Þroskahjálp: Fasteignagjöld Akurgerði.**
Oddviti kynnti erindi frá Þroskahjálpi um fasteignagjöld á húseign þeirra á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfssemi Þroskahjálpar sem nemur 50% af almennum fasteignaskatti af fasteigninni Akurgerði 10 fyrir árið 2014.
10. **KPMG: Stjórnsýsluskoðun.**
Oddviti kynnti skýrslu frá KPMG vegna árlegrar stjórnsýsluskoðunar.
11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpökunotkun.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd um tillögu til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpökunotkun.
12. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.
13. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsaleigubætur. Sveitarstjórn styður umrædda breytingatillögu enda styður hún aukinn rétt nemenda í dreifbýlissamfélögum til húsaleigubóta
14. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs (verndun umhverfis og heilsu, EES-reglur)**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs (verndun umhverfis og heilsu, EES-reglur). Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpið.
15. **Umhverfisráðuneytið: Landnotkun í dreifbýli.**
Oddviti kynnti erindi frá Umhverfisráðuneytinu vegna upplýsingaöflunar varðandi landnotkun í dreifbýli í landskipulagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samstarfi við skipulagsfulltrúa Uppsveita að svara erindinu.
16. **Veraldarvinir.**
Oddviti kynnti bréf frá Veraldarvinum þar sem þeir lýsa yfir vilja til samstarfs við Hrunamannahrepp. Sveitarstjórn lýsir ánægju með samstarf við Veraldarvini á árinu 2013 og felur sveitarstjóra að útfæra samstarf við samtökin á árinu 2014.

17. **Endurskoðun Aðalskipulags Hrunamannahrepps.**

Oddviti fór yfir að nágildandi aðalskipulag fyrir sveitarfélagið rennur út árið 2015. Nauðsynlegt er því að fara að hefja undirbúning við vinnu vegna endurskoðunar á aðalskipulaginu í heild sinni fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra í samstarfi við skipulagsfulltrúa að forma undirbúning vegna vinnunnar og að leita tilboða hjá völdum skipulagsráðgjöfum til að aðstoða sveitarstjórn við skipulagsvinnuna.

18. **Íbúafundur.**

Oddviti kynnti fyrirhugaðan íbúafund vegna deiliskipulagstillagna fyrir miðsvæði Flúða, Lambatanga og Smiðjustíg. Ákveðið er að halda almennan íbúafund um skipulagsmál í Félagsheimilinu á Flúðum mánudaginn 27. janúar n.k. kl. 20:00.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. **Landbúnaðarnefnd: 17. fundur nefndarinnar frá 26. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var raðað í leitir, undirbúnaðar réttir ofl. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:

20. **Velferðarnefnd Árneshöfða: Fundargerð 22. fundar frá 9. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar Velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og lögð fram starfsáætlun Velferðarþjónustu Árneshöfða 2014. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

21. **Fundargerð 66. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 3. janúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 21. nóvember til 27. desember 2013.**

Oddviti kynnti fundargerð 66. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 3. janúar s.l. ásamt afgreiðslur byggingafulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 3: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 21. nóvember til 27. desember 2013.

Mál nr. 8: Galtafell.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að hafna beiðni um breytingu á skráningu sumarhúss á lóðinni Galtafell 166911 í íbúðarhúsi í ljósi innkominnar athugasemdar.

Mál nr.10: Ásgarður í Kerlingarfjöllum, hálendismiðstöð. Deiliskipulag.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar á deiliskipulagi ferðarþjónustu Fannborgar í Ásgarði, Kerlingarfjöllum, ásamt umhverfisskýrslu og samþykkir deiliskipulagið og umhverfisskýrsluna að nýju óbreytta. Ekki er talið að fyrirliggjandi umsagnir gefi tilefni til breytinga á deiliskipulaginu.

Önnur mál:

22. **Bý ehf: Umsókn um byggingaleyfi fyrir stækkun og endurbyggingu pökkunarhúss á Brún.**

Oddviti kynnti umsókn Býs ehf um byggingaleyfi fyrir stækkun og endurbyggingu pökkunarhúss á Brún.

Sveitarstjórn samþykkir að grenndarkynna umsóknina skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem um er að ræða umsókn í þegar byggðu hverfi og umsóknin er í samræmi við landnotkun og byggðarmynstur.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. **SASS: Fundargerð 475. fundar stjórnar frá 16. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

b. **NOS: Fundargerð frá 18. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

c. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 159. stjórnarfundar frá 19. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

d. **Brunavarnir Árneshöfða: Fundargerð fagraðs frá 18. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

e. **Hluthafafundur Háskólafélags suðurlands: fundargerð frá 30. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Ábúðarsamningur.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Golfklúbburinn Flúðum: Ársuppgjör.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Hækkun útsvars.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Ályktanir.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Hinn árlegi Suðurlandsskjálfti: Kynningarbréf.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Kerlingarfjallavinir: Fréttabréf.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Skipulagsstofnun: Skráðir skipulagsfulltrúar hjá Skipulagsstofnun.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Sorpa: Móttaka á seyru.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 811. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- p. **Sameiginlegur fundur stjórnar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi 10. janúar n.k.** Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- q. **Velferðarráðuneytið: Tölulegar upplýsingar um þjónustu við fatlað fólk vegna ársins 2011.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16.00